

2019 nr. 151 23. desember**Lög um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs**

Töku gildi 31. desember 2019.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Ráðherra fer með yfirstjórn ÍL-sjóðs og hefur yfirumsjón með úrvinnslu og uppgjöri eigna og skulda sem verða eftir í ÍL-sjóði við uppskiptingu Íbúðalánasjóðs.

□ Markmið uppgjörs og úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs er að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs vegna uppsafnaðs fjárhagsvanda Íbúðalánasjóðs. Kveðið skal á um áhættustefnu sjóðsins til að stuðla að þessu markmiði í reglugerð¹⁾ sem ráðherra setur, sbr. 6. gr.

¹⁾ Rg. 759/2022.**■ 2. gr. Verkefnisstjórn.**

□ Ráðherra skal skipa þriggja manna verkefnisstjórn til ráðgjafar um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs. Einnig er heimilt að fela verkefnisstjórn afmörkuð verkefni sem varða úrvinnslu eigna og skulda.

□ Stjórnarmenn í verkefnisstjórn skv. 1. mgr. skulu skipaðir til þriggja ára í senn að hámarki. Þeir skulu uppfylla hæfisskilyrði stjórnarmanna lífeyrissjóða, sbr. 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, eftir því sem við getur átt. Þá skal a.m.k. einn stjórnarmanna hafa sérþekkingu á ríkisfjármálum.

■ 3. gr. Úrvinnsla eigna og skulda.

□ ÍL-sjóður sér um umsýslu og úrvinnslu eigna og skulda sjóðsins. Heimilt er að ráðstafa lausafé og öðrum eignum sjóðsins í samræmi við markmið laga þessara.

□ Heimilt er að fela öðrum umsýslu, varðveislu og ávöxtun afmarkaðra hluta eigna sjóðsins.

□ Leita skal heimilda í fjárlögum vegna úrvinnslu eigna og skulda sem kallar á beina aðkomu ríkissjóðs.

□ ÍL-sjóður skal tryggja lántökum nauðsynlega þjónustu og hefur hann heimildir til afskrifta, sbr. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, og til beitingar greiðsluferfiðleikaúr-ræða, sbr. 48. gr. sömu laga, eftir því sem við á. Heimilt er að kæra ákvarðanir ÍL-sjóðs sem teknar eru samkvæmt lögum um húsnæðismál til úrskurðarnefndar velferðarmála.

□ Ráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs og stöðu hans. Í skýrslunni skal m.a.

fjallað um áhættu- og eignastýringarstefnu sjóðsins og hvernig til hafi tekist um ávöxtun eigna hans. Skýrsluna skal ræða í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

■ 4. gr. Þagnarskylda og samþykki til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

□ Hverjir þeir sem taka að sér verk samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.

□ Sá sem veitir viðtöku upplýsingum í tengslum við verk sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

□ Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um lántakanda sem um getur í 2. mgr. að fengnu skriflegu samþykki þess lántakanda er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila heimilt er að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

■ 5. gr. Gjaldtaka.

□ ÍL-sjóði er heimilt að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldtaka skal aldrei vera hærri en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

■ 6. gr. Reglugerð.

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ þar sem m.a. er kveðið á um áhættuvilja og áhættustýringu ÍL-sjóðs, hvernig eignastýringu sjóðsins og eftirliti skuli háttað og um hlutverk verkefnisstjórnar. Í reglugerð skal jafnframt kveðið á um hvernig opinberri upplýsingagjöf til verðbréfamarkaðar skuli háttað og um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja.

¹⁾ Rg. 759/2022.**■ 7. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2019.

■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Heimilt er að bjóða þeim starfsmönnum Íbúðalánasjóðs sem sinnt hafa verkefnum vegna ÍLS-sjóðs starf í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ráðherra skal skipa verkefnisstjórn í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2020.

□ Skýrsla ráðherra til Alþingis fyrir árið 2021, sbr. 5. mgr. 3. gr., skal innihalda umfjöllun um þá vinnu sem farið hefur fram um endurskoðun laga þessara.